

Reykjavík 10. febrúar 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi). (Þingskjal 547 – 401. mál)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi þar sem lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði um ofbeldi í nánnum samböndum (heimilisofbeldi) í almenn hegningarlög.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur gildi almennra laga á Íslandi, eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og eiga þau rétt til að lifa og þroskast í besta mögulega umhverfi og aðstæðum. Slíkur réttur er jafnframt tryggður börnum í stjórnarskrá.

Barnaheill taka heilshugar undir þau sjónarmið sem fram koma í kafla 3.4 í almennum athugasemdum með frumvarpinu, þar sem helstu röksemdir fyrir því að lögfesta ákvæði um heimilisofbeldi í hegningarlög eru raktar. Með því að lögfesta heildarákvæði um heimilisofbeldi, eru gefin skýr skilaboð um að samfélagið vilji vernda fólk sérstaklega sem býr við ofbeldisaðstæður og vinna ákveðið og markvisst gegn ofbeldi í nánnum samböndum. Slík ákvæði geta auk réttarverndar gagnvart einstaklingum haft almennari varnaðaráhrif.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur athygli verið sérstaklega beint að áhrifum heimilisofbeldis á börn í rannsóknum á undanförunum árum. Hafa þær sýnt fram á það að börn geta orðið fyrir alvarlegum og langvarandi skaða við það eitt að búa inni á heimili þar sem ofbeldisástand ríkir, og þurfa þau ekki með beinum hætti að hafa orðið fyrir ofbeldi sjálf til þess að verða fyrir skaða. Það er nóg að þau hafi mátt þola og búa við það ógnarástand sem ríkt getur þar sem heimilisofbeldi á sér stað. Tekið er sérstaklega undir þau orð í frumvarpinu sem lúta að umfjöllun um fyrri norskar lagabreytingar þar sem bent er á að lagaákvæði verða að ná vel utan þau flóknu og heildstæðu áhrif sem ofbeldið hefur. Er þá vísað til þeirra ógnar og andlegu áhrifa sem fylgi heimilisofbeldi sem og til hótana um líkamsmeiðingar sem eru liður í

kerfisbundinni kúgun/misnotkun. Nýjustu íslenskar rannsóknir á reynslu barna sýna glögg dæmi um slíkt ástand.

Hvað varðar þann kafla frumvarpsins sem lýtur að skilgreiningu á heimilisofbeldi benda Barnaheill sérstaklega á skilgreiningu Istanbúl samningsins (b-lið, 3.gr.), þar sem fjárhagslegt ofbeldi er nefnt auk annarra forma. Aukin athygli beinist nú að fjárhagslegu ofbeldi í nánnum samböndum. Rannsóknir sýna að slíkt ofbeldi getur m.a. bitnað á börnum.

Þá er rétt að nefna að heimilisofbeldi getur verið hluti af hvers kyns ofbeldi og vanrækslu á börnum en þetta tvennt er oft nefnt ill meðferð á börnum (e. *child maltreatment*). Ein skilgreining hennar er eftirfarandi:

„Ill meðferð á börnum er fólgin í öllum formum líkamlegrar og/eða tilfinningalegrar slæmrar meðferðar, kynferðisofbeldi, vanrækslu og viðskiptalegri eða annars konar misnotkun sem leiðir til raunverulegs eða mögulegs skaða á heilsu barns, lifun (e. *survival*), þroska þess eða virðingu í persónulegum tengslum sem byggja á trausti, ábyrgð og valdastöðu.“¹

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög. Lögfesting á heimilisofbeldisákvæði í hegningarlög er ákall og skýr skilaboð til samfélagsins um að vinna saman gegn ofbeldi í nánnum samböndum. Vernd barna gegn ofbeldi þarf að ná inn fyrir vegg heimilisins og þar með þarf friðhelgi einkalífs og heimilis að víkja þar sem friðhelgi barnsins hefur verið rofin og réttinum til verndar hefur ekki verið framfylgt. Börn eiga, án mismununar, að njóta verndar umfram aðra einstaklinga í samfélaginu.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

¹ Butchart, Putney, Furniss og Kahane, 2006, eins og birtist hjá Guðrúnu Kristinsdóttur, 2014.
Barnaheill - Save the Children á Íslandi - Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is